

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Íslenszk listkynning

Það hefur vafalítið ekki farið fram hjá neinum, að um þessar mundir er í gangi viðamikil kynning á íslenskum listamönnum á Kjarvalsstöðum er nefnist „Iceland Crucible“. Nafnið er svo sem segir: „samheiti á fjölbættri kynningu á gróðandunum í nútímalistum Íslendinga“, sem Hilda hf. og bókaútgáfan Vaka standa að.

Gefið hefur verið út mikið rit með myndum og upplýsingum um listamenn allra listgreina auk umfjöllunar um þróunina í hverri listgrein fyrir sig og hefur Sigurður A. Magnússon rithöfundur ritað bókina, Vladimir Sichov tekið ljósmyndirnar og Torfi Jónsson séð um útlitshönnun, letur og uppsetningu.

Framtakið er öðru fremur ætlað að vera kynning á íslenskri nútímalist á erlendum vettvangi og því eru textar bókanna á ensku í upprunalegri útgáfu.

Auk þessa hefur verið gerð kvikmynd, er á að fjalla um grósku íslenskra lista í nútímanum og er gerð af tveim kynnum bandarískum kvikmyndagerðarmönnum þeim Hal Calbom og Phil Davies.

Hér mun ég litlilega fjalla um hvern þátt fyrir sig en kynningin er svo viðtæk að helst þyrfti sérstaka grein um einstaka þætti svo vel væri en á því er ekki tók að sinni. Sýningin er sett upp á óheppilegum árstíma er mynd-

listarrýnendur halda helst að sér höndunum, og miðað við umfang hennar hefði hún þurft að standa helmingi lengur. Það tekur tíma að melta þetta allt og gera því rétt skil en að sjálf-sögðu heldur umræðan um einstaka þætti sýningarinnar áfram og þar hefur hún góða sérstöðu.

Þetta er gríðarmikið fyrirtæki og má vera rétt, að kynningin sé einstök í umfangi sínu en hins vegar eru hliðstæðar kynningar einstakra listgreina ekkert nýnæmi í heiminum — langt í frá.

Bókin

Bókin, sem ber heitið „Iceland Crucible, A Modern Artistic Renaissance“, er mikið rit og veglegt, nær 200 síður og í allstóru broti. Texta hennar samdi Sigurður A. Magnússon, svo sem fyrir segir og rekur hann í knöppu máli þróun og helstu afrek hvern listgreinar fyrir sig frá öndverðu fram á þennan dag. Hvað myndlist snertir hafði hann sér til glöggvunar listasögu Björns Th. Björnssonar en helsti heimildarmaður síðasta aldarfjórðung var Aðalsteinn Ingólfsson.

Öll heimildasöfnun í slíkt rit er hið viðkvæmasta mál og ekki sist þegar tekið er tillit til þess,

að ekki liggur ennþá frammi nein nútímalistasaga né ítarleg samantekt á þróun íslenskrar myndlistar sl. aldarfjórðung. En þó vantar ekki, að nóg sé til af hlutdrægum heimildum í brotabrotum hér og þar. Svo ég tini hér eitthvað aðfinnsluvert til, svo sem ég þekki best, þá skil ég ekki af hverju nöfn okkar Guðmundar Erró eru ekki nefnd meðal þeirra er komu með erlend áhrif í malnum að utan á sjötta áratugnum! Báðir haldum við stórar sýningar í Listamannaskálanum er mikla athygli vöktu. Þá hélt ég og engin námskeið í MHÍ (Myndlista- og handiðaskóla Íslands) árið 1958 enda var ég þá í Þýskalandi. Hins vegar kenddi ég fyrstur manna héraðs listgrafík í samfelldri kennslu 1956—58 og hélt á því tímabili ekkert námskeið. Uppúr 1960 setti ég svo upp litógrafískt verkstæði við skólann og kenndi jafnframt dúkskurð og tréristu. Það voru svo að meginhluta nemendur mínir sem endurreistu félagið „Íslenszk grafik“ árið 1969 enda þá orðnir nógu margir starfandi grafíkerar á landinu til að mynda félag. Gamla félagið var óstarfhæft vegna þess að nær ekkert var unnið að grafik um árabill og að sjálfsgöðu hafði ég lítinn áhuga á að stofna sérfélag í kringum mig einan. Það er hið leiðinlegasta mál, að þurfa að

leiðrétta slíka hluti og manni er lítt skiljanlegt hvernig slíkt getur átt sér stað. En hvers vegna ekki að leita til þeirra er ótvírátt gátu gefið greinarbestu upplýsingarnar hér?

Annað, sem ég tók eftir í textanum, er, að ofgnótt er af lýsingarorðum. Hér ber að fara með varúð og halda sér innan hæfilegra marka hlutlausra upplýsinga en að láta aðra um að álykta, dæma og hrifast. Þá eiga sérskodanir um þróunina ekki heima í slíku riti en hafa fullt gildi og reisn í allri opinni umræðu.

Að öðru leyti er textinn hinn skilmerkilegasti og gefur drjúgar upplýsingar um íslensku myndlist og þannig séð er bókin mikilsvert framleg til kynningar á íslenskri nútímalist erlendis.

Mikil þrýði er að ljósmyndunum í bókinni en hér hefðu örfáar myndir af myndlistarverkum aukið á fjölbreytnina og gert kaflann áhugaverðari. Útlitshönnun bókarnnar er hin smekklegasta.

Ljósmyndirnar

Það mun vera alveg rétt, að ljósmyndasýningin á Kjarvalsstöðum sé stærsta, fjölbreytilegasta og „listrænasta“ mannamyndasýning sem nokkurn tíman hefur verið efnt til héraðs. Það á í öllu falli við í þessu sérstaka formi. En við megum ekki gleyma Kaldal í þessu dæmi og sérstöðu hans, en hann var hreinn „portrett“-ljósmyndari.

Vladimir Sichov er frábær ljósmyndari og á það jafnt við í svart-hvítu sem í lit — hann mun að visu sagður þekktastur fyrir svart-hvítar myndir sínar en ekki gat ég séð að litskyggjur hans gæfu ljósmyndunum á veggjunum neitt eftir. Það margborgar sig að horfa á allar fimm myndaraðirnar því að innan um eru hreinustu perlur og væri það allt eins efni í nýja bók að velja hér þær listrænustu úr. Sú bók yrði listaverk í sjálfri sér.

Á kynningunni eru 330 ljósmyndir af um 170 íslenskum listamönnum þ.e. 2—3 af hverjum en í flestum tilvikum einungis 2. Af þessum 330 ljósmyndum voru svo um 170 valdar í bókina og hefur það yfirleitt tekist vel en þó þykir mér persónulega sem karakter einstakra listamanna, sem ég þekki mjög vel til, komi

betur fram í þeim myndum á sýningunni er ekki eru í bókinni. Nokkrar mjög sérvizkulega teknar myndir þar sem brugðið er á sprell þykja mér ekki bókarrýði þótt þær geti verið ágætis einar og sér. Þessi myndataka af íslenskum listamönnum er mikil umbylting frá því sem áður var því að varla er hægt að segja að til sé mikið úrval listrænna mynda af okkar eldri og yngri listamönnum nema í einstaka tilfalli. Eðlilega vantar hér mörg andlit, en ekki er ég fær um að dæma um það hverjir hafa gleymst, þar sem að nokkrir vildu ekki láta taka af sér myndir, einhverra hluta vegna. Það á þó væntanlega eftir að koma betur fram, hverjir hafa gleymst, þekki maður landa sína rétt.

Vist er að Vladimir Sichov hefur hér gert stóra og mikla hluti.

Kvikmyndin

EKKI get ég séð að kvikmyndin gefi góða hugmynd um grósku íslenskra lista í nútímanum. Til þess sýnir hún alltof lítið af því hvað er að gerast og hér er alltof mikið um endurtekingar og listræn skot, sem missa marks. Þá er eins og einhver grámóða sé yfir myndinni af miklum — andlit eru stundum í ofi allri skugga eða hins vegar oflýst — enn önnur atriði eru nær alveg í myrkri.


Hér er líkast sem kvikmyndagerðarmennirnir þeir Hal Calbom og Phil Davies hafi sprengt sig í viðleitni sinni við að gera „listræna“ mynd því í mikill hluti myndarinnar fer í að sýna atriði í þeim fókusi, er kemur íslenskri list næsta lítið við. Ég get ekki annað en sagt það álit mitt, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með kvikmyndina hreint sjónrænt séð.

Lokaorð

Á því er ekki hinn minnsti vafi, að kynning sem slík á fullan rétt á sér og hefur mikla þýðingu fyrir íslensku list og mennt í nútíð og framtíð. En þar sem farið var að nokkru út í sagnfræðilega úttekt hefðu vinnubrögðin mátt vera nákvæmari og skipulegri. Þó má í ýmsu bæta komi til endurútgáfu bókarnnar.

Framtakið í heild er einstakt og vert allrar athygli.

DU PONT TYPAR® ný lausn á gömlum vanda



TYPAR® sludúkur frá Du Pont er niðsterkur jarðvegsdúkur ofinn úr polypropylene. Hann er léttur og mjög meðfærilegur.

TYPAR® sludúkur leysir alls konar jarðvatns vandamál.

TYPAR® er notaður í ríkum mæli í stærri verkum svo sem í vegagerð, hafnargerð og stíflugerð.

TYPAR® sludúkur er ódýr lausn á jarðvatns vandamálum við ræsalagnir við húsbýggingar, lóðaframkvæmdir, íþróttasvæði o.s.frv.

TYPAR® sludúkur dregur úr kostnaði við jarðvegsskipti og gerir þau jafnvel óþörf og stuðlar að því, að annars ónýtan-

legan jarðveg megi nota. Dúkurinn kemur sérstaklega vel að notum í ódýrri vegagerð, hann dregur úr aurbleytu í vegum þar sem dúkurinn aðskilur malarburðarlagið og vatnsmett að moldar- eða leirblandaðan jarðveg. Notkun dúksins dregur úr kostnaði við vegi, „sem ekkert mega kosta“, en leggja verður, svo sem að sveitabýlum, sumarþústóðum o.s.frv.

TYPAR® er fánlegur í mörgum gerðum, sem hver hentar til sinna ákveðnu nota.

orka TYPAR®
skrasett vörumerki Du Pont
Síðumúla 32 Sími 38000

Stykkishólmur:

Holurnar óteljandi eins og eyjarnar í Breiðafirði

Stykkishólmi 21. júlí.
FYRIR tveim árum var vegarkafli frá veginum fyrir ofan Stykkishólm, þ.e. 6—7 km vegur, bundinn vananlegu slitlagi. Ekki var þetta slitlag búið að vera lengi þegar holur komust í það og var þá í fyrrahaust hafist handa um að fylla þær og stöð Vegagerðin þar að verki. En það var með þessar holur eins og eyjarnar á Breiðafirði, að þær voru óteljanlegar.

Í vetur og fram til þessa dags hafa nýjar holur myndast í þennan sama veg og miklu fleiri og verri en áður og má mildi heita að ekki hafa orðið slys við akstur þegar um veginn hefir verið farið. Enn á ný hefir vegurinn verið holufylltur og eins og sjá má af myndunum hefir skemmd þessi í veginum ekki verið lítil. Margir eru að velja því fyrir sér hvort ekki verði fyrir eða síðar að setja nýtt slitlag á þennan vegarkafli. Vonandi þarf þess ekki en það er annað en gaman að þurfa að bæta veginn á hverju ári.